

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 4. mars. 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-77/2013:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 18. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift.

**II**

**Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 24. september sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 7. október. Með bréfi, dags. 9. september, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 24. október. Með bréfi, dags. 29. október, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og frestur til þess til 12. nóvember. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 26. febrúar, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 13. ágúst 2013 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda. Var bifreiðin af gerðinni Nissan Patrol, árgerð 1998, fyrst skráð 28. maí 1998. Kaupin áttu sér stað í kjölfar auglýsingar seljanda á söluefnum www.bland.is. Greiddi álitsbeiðandi fyrir bifreiðina með annarri bifreið sem var af gerðinni Volvo S40, árgerð 2005. Segir álitsbeiðandi að gangverðið á uppítökubifreiðinni hafi verið töluvert hærra en á hinni keyptu bifreið þegar kaupin fóru fram.

Álitsbeiðandi rekur að þegar hann hafi keypt bifreiðina hafi hún verið erfið í gang, en seljandi hafi fullyrt að ástæða þess væru glóðakerti bifreiðarinnar. Hinn 5. september sl., eða 21 degi eftir að kaupin fóru fram, hafi kviknað á viðvörunarljósi fyrir vél í mælaborði bifreiðarinnar. Segir álitsbeiðandi að strax daginn eftir hafi hann farið með bifreiðina á verkstæði. Sama dag er honum tjáð af starfsmanni verkstæðisins að olíuverk bifreiðarinnar sé ónýtt. Segir álitsbeiðandi að verð á nýju olíuverki sé kr. 500.000 og töluverð vinna sé að skipta um það. Örsök þess að olíuverkið sé ónýtt sé líklegast sú að ekki hafi verið skipt um hráolúsú og að í síunni hafi verið hvít drulla. Segir álitsbeiðandi að þegar hann hafi keypt bifreiðina hafi verið um 10.000 km. í næstu olíuskripti. Eins tekur álitsbeiðandi fram að engin ástandskoðun hafi farið fram á bifreiðinni við kaupin en starfsmaður verkstæðisins sem skoðaði bifreiðina telji hins vegar að hið bága ástand olíuverksins hefði ekki sést við slíka skoðun. Telur álitsbeiðandi því að bifreiðin hafi verið haldin leyndum galla og að viðgerð á gallanum muni kosta í það minnsta 70% af kaupverði bifreiðarinnar.

Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess að kaupunum verði rift. Meðfylgandi álitsbeiðni er afrit af samskiptasögu seljanda og álitsbeiðanda á söluefnum www.bland.is, afrit af reikningi frá verkstæði vegna athugunar á olíuverki bifreiðarinnar o.fl., dags. 17. september 2013 og afrit af skráningarskírteini bifreiðarinnar.

**IV**

**Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að hin umdeilda bifreið hafi verið 15 ára gömul við kaupin og ekin rúma 256.000 km. Segist seljandi hafa látið smyrja bifreiðina hinn 9. ágúst 2013 en þá hafði henni verið ekið 253.756 km. Þetta hafi verið fjórum dögum áður en viðskipti aðila fóru fram. Við smurninguna hafi olúsía bifreiðarinnar verið skoðuð og talin í lagi og því sett aftur í. Segist seljandi aðeins hafa ekið bifreiðinni örfáa kílómetra áður en hann seldi hana. Segir seljandi að þegar álitsbeiðandi lét verkstæði skoða bifreiðina hafi henni verið ekið meira en 2.800 km. frá því kaupin fóru fram. Segir seljandi að hann hafi vissulega tekið fram að bifreiðin væri erfið í gang, en gleymt að minnast á að það væri aðeins vandamál þegar vél bifreiðarinnar væri heit. Þegar hún færi köld færi hún í gang eins og ný. Þá segist seljandi hafa haft þær upplýsingar frá fyrri eiganda bifreiðarinnar að glóðakerti hennar væru líklega ónýtt. Segist seljandi ekkert vit hafa á gangverki díselvéla og því aðeins sagt álitsbeiðanda það sem honum sjálfum hafði verið sagt. Segist seljandi ekki efast um að nýtt olíuverk kosti kr. 500.000 en vísar til þess að hægt sé að kaupa notað olíuverk á kr. 50.000 og að aðeins taki um tvo tíma að skipta um olíuverkið. Þá telur seljandi að ekkert ami að olíuverki hinnar seldu bifreiðar, eða a.m.k. að ekkert hafi amað að olíuverkinu á söludegi. Þá bendir seljandi á að skoðunarskylda kaupenda í bifreiðaviðskiptum sé rík og almennt ráðlegt að söluskoðun sé framkvæmd. Hafi skoðunarskylda álitsbeiðanda verið enn ríkari þar sem seljandi hafi bent honum á að bifreiðin væri biluð og ekki ljóst hvað amaði að henni. Þá telur seljandi ljóst að hann hafi ekki vitað um hinn meinta leynda galla á bifreiðinni enda hafi gaumljós vélar ekki kviknað fyrr en 21 degi eftir kaupin og þá hafði bifreiðinni verið ekið tæpa 3.000 km. frá því kaupin fóru fram. Að lokum kemur fram að seljandi hafnar öllum kröfum álitsbeiðanda.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að hann telji það fjarstæðu að hann hafi ekið bifreiðinni 2.800 km. frá kaupdegi og þar til hann lét skoða bifreiðina á verkstæði. Það myndi þýða að hann hefði ekið bifreiðinni um 133 km. á dag, en svo mikið segist álitsbeiðandi ekki hafa ekið. Telur álitsbeiðandi líklegra að seljandi hafi ekið bifreiðinni um 1.000 km. eftir olíuskriptin og þar til kaupin fóru fram. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi fullyrt við kaupin að nauðsynlegt væri að skipta um glóðakerti. Hafi seljandi gefið þá leiðbeiningu að við ræsingu bifreiðarinnar ætti að bíða eftir því að glóðarljós og loftþúðaljós í mælaborði slokknuðu áður en bifreiðin væri ræst. Segir álitsbeiðandi að þetta hafi komið heim og saman við reynslu hans af bifreiðinni. Hvað varði ástand olíuverks bifreiðarinnar segist álitsbeiðandi hafa beðið starfsmann verkstæðisins að kanna það betur. Segir álitsbeiðandi að starfsmaðurinn hafi tjáð honum að þeirri athugun lokinni að hann gæti ekki fullyrt að olíuverkið væri bilað án þess að taka vélna upp, þó hann teldi miklar líkur til þess. Álitsbeiðandi telur að þetta breyti litlu. Niðurstaðan sé engu að síður sú að hann sitji uppi með bifreið með bilað olíuverk og vanstillta ventla.

## VI

### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Hér hagar svo til að álitsbeiðandi telur að bifreiðinni xx-000 sem hann keypti af seljanda hinn 13. ágúst 2013 sé haldinn galla, þ.e. að olíuverk hennar sé bilað og að fyrirséð sé að sá galli muni valda honum umtalsverðum kostnaði. Seljandi hefur hafnað öllum kröfum

álitsbeiðanda og telur að ekki sýnt fram á að olíuverkið sé bilað. Á reikningi sem álitsbeiðandi lagði fram frá verkstæði BL ehf., dags. 17. september 2013, kemur m.a. fram að hin umdeilda bifreið sé erfið í gang, vélarljós hafi logað í mælaborði hennar en að það hafi sloknað eftir að skipt var um hráolúsú. Þá kemur fram að þykk hvítkennd drulla hafi verið í olúsíunni, einhver drulla sé í olíuverkinu og bifreiðin sé erfið í gang. Þá kemur fram að olíuverkið sé bilað. Í tölvupósti sem álitsbeiðandi fékk sendan frá starfsmanni sama verkstæðis í október 2013 kom m.a. fram að ekki sé hægt að fullyrða hvort olíuverkið sé bilað án þess að taka það úr vélinni, þó starfsmaðurinn telji miklar líkur á að olíuverkið sé bilað. Í sama tölvupósti kemur fram sú skoðun starfsmanns verkstæðisins að þörf sé á að leggjast betur yfir málið og framkvæma ítarlegri skoðun ef vilji sé fyrir því.

Kærunefndin vill taka fram að samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar, sem eiga einnig við þegar um kaup fer samkvæmt lögum um lausafjárkaup, ber þeim sem gerir kröfur vegna meints galla að sanna tilvist hans, þ.e. hver hann er og hvers eðlis, þannig að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort úrbótaréttur af einhverju tagi sé fyrir hendi. Sé svo myndi sá kostnaður sem fylgir skoðun á gallanum eiga að greiðast af þeim sem skylt kynni að vera að bæta úr gallanum en að öðrum kosti yrði sá sem krefst úrbóta að bera þann kostnað sjálfur. Í því tilviki sem hér um ræðir er það álit kærunefndarinnar að álitsbeiðanda beri að láta fagmann kanna hvort olíuverkið sé bilað eða ónýtt og í kjölfarið meta eftir föngum hverjar ástæður þess geti verið. Kærunefndin álitur því að fyrir en þessar upplýsingar liggja fyrir geti hún ekki gefið álit á ágreiningi aðila. Kærunefndin telur því að hún verði að vísa frá kröfu álitsbeiðanda eins og hún liggur fyrir samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Kærunefndin bendir á að álitsbeiðandi myndi geta beðið kærunefndina að nýju um álit á ágreiningi aðila þegar nægjanlegar upplýsingar um gallann liggja fyrir.

## VII

### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir